## Flekkudalsá

# Demanturinn í Dölunum



**Flekkudalsá á Fellsströnd er sveipuð dulúð, enda kannski ekki margir sem þar hafa gengið til veiða. Hún er þó rómuð fyrir fegurð sína og veðursæld er mikil. Þar einkennir skóglendi veiðisvæðið frekar en nokkuð annað og segja má að skógur sé þar frá fjalli til fjöru. Er það árangur skipulegrar skógræktar sem hófst þar svo snemma sem árið 1960 en fyrstu trjám var þar komið í jörð strax um 1940.**

**Eftir**
Svavar Hávarðsson

Vatnasvæði Flekkudalsár nær yfir Kjarlaksstaðaá, Tunguá og Flekkudalsá. Flekkudalsá, eða Flekka eins og hún er kölluð, dregur nafn sitt af dalnum sem hún prýðir, Tunguá rennur um Galtardal og saman mynda þær tvær Kjarlaksstaðaá sem rennur í Kjarlaksstaðavog í Hvammsfirði. Vatnasvæðið er um það bil 35 ferkílómetrar og er afar fjölbreytt.

Hún á efstu upptök sín á hálendinu í Klofningsfjallgarði, og er um 20 kílómetra löng dragá þar sem veitt er með þremur stöngum. Í Flekku er veitt frá 1. júlí til 9. september á þrjár stangir og stangardagar eru því alls 210. Sjálfsmennska er allan veiðitímann í ágætu veiðihúsi við ána.

Árnar hlykkjast niður dalina og þar má finna tæplega 50 merkta veiðistaði. Efri hluti Flekku ofan Hallstaða og Tunguá ofan Örtugadalsgils er friðaður fyrir allri veiði. Veiðifélag Fellsstrandar fer með ána og hefur sjálfbærni árinnar sem aðalsmerki. Síðast var þar sleppt seiðum árið 1999 og fluguveiði eingöngu leyfð frá og með veiðisumrinu 2001.

Samstarfssamningur um vatnasvæði Flekkudalsár milli Veiðifélagsins og Stangaveiðifélags Reykjavíkur var undirritaður í september 2020. Við það tækifæri sagði Jón Þór Ólason, formaður SVFR, að áhersla yrði lögð á gott samstarf við landeigendur, enda ótvírætt að hagsmunir leigusala og leigutaka færu saman.

„Flekkan er frábær laxveiðiá og fellur mjög vel að þörfum félagsmanna SVFR. Hún er allt í senn; frábær laxveiðiá, sérlega falleg og tilkomumikil og fjölskylduvæn. Samstarfssamningurinn tekur ennfremur mið af þeim aðstæðum sem nú eru uppi og er hagfelldur fyrir báða aðila eins og allir samningar eiga að vera," sagði Jón Þór.





# Veiðikort

Í töflunni hér að neðan má sjá 15 ára meðalveiði fyrir hvern veiðistað. En hver veit hvar veiðist best 2021!




## Kjarlaksstaðaá

| | | |
|---|---|---|
| K1 | Sjávarfljót | 7,7 |
| K2 | Brúarstrengur | 8,1 |
| K3 | Sterkur | 1,3 |
| K4 | Efstafljót | 21,7 |
| K5 | Egill | 2,2 |
| K6 | Húsflúðir | 0,2 |
| K7 | Vaðstrengur | 1,4 |
| K8 | Kvennalaug | 0,9 |
| K9 | Kvennaberg | 2,9 |
| K10 | Ármót | 1,1 |
| Samtals | | 48 |

## Flekkudalsá

| | | |
|---|---|---|
| F1 | Klapparstrengur | 0,9 |
| F2 | Neðraberg | 0,3 |
| F3 | Rennur | 0,4 |
| F4 | Efraberg | 1,5 |
| F5 | Hannesarhola | 0,1 |
| F6 | Hornið | 0,2 |
| F7 | Breiðfossbrot | 0,5 |
| F8 | Breiðfoss | 1,3 |
| F9 | Fornistrengur | 6,4 |
| F10 | Torfunesfoss | 30,7 |
| F11 | Gullbrárstrengur | 0,2 |
| F12 | Gullbrárfoss | 2,2 |
| F13 | Kerið | 1,5 |
| F14 | Fljótið | 19,8 |
| F15 | Tvíburahola | 1,5 |
| F16 | Þjófastrengir | 8,8 |
| F17 | Fossholt | 11,8 |
| F18 | Jónsbakki | 19,4 |
| F19 | Svartibakki | 0,8 |
| F20 | Bæjareyri | 1.3 |
| F21 | Grænhólsbakkar | 7,6 |
| F22 | Krókur | 3,6 |
| F23 | Stekkjarlækur | 0,1 |
| F24 | Brúarhylur | 0,2 |
| Samtals | | 121 |

## Tunguá

| | | |
|---|---|---|
| T1 | Svartistokkur | 5,4 |
| T2 | Geirmundsfoss | 1,5 |
| T3 | Berghylur | 2,0 |
| T4 | Smástrengur | 0,7 |
| T5 | Brúarflúð | 0,2 |
| T6 | Réttarstrengur | 1,1 |
| T7 | Réttarfoss | 1,8 |
| T8 | Grundarstrengur | 1,0 |
| T9 | Bláhylur | 0,1 |
| T10 | Skuggi | 0,9 |
| T11 | Hornflúð | 0,2 |
| T12 | Tungufljót | 17,1 |
| T13 | Kjóastrengur | 1,1 |
| T14 | Bakkafljót | 2,6 |
| Samtals | | 36 |



K2 - Brúarstrengur

# Kjarlaksstaðaá

**Kjarlaksstaðaá dregur nafn sitt af landsnámsmanni er Kjarlakur hét og bjó á bænum sem ber nafn hans.**

### K1 - Sjávarfljót
Strengur sem rennur með klöppum og breiða sem er breytileg milli flóðs og fjöru. Veiðistaðurinn gefur helst þegar göngur eru að renna sér inn. Því er helst von snemma sumars en einnig síðsumars ef menn hafa hug á að setja í fallegar bleikjur - sérstaklega ef það er stórstreymt.

### K2 - Brúarstrengur
Langur hylur með jöfnum straumi sem liggur undir þjóðvegabrúnni og þar getur legið fiskur frá hvítfryssinu efst en skemmtilegastur er Brúarstrengur í góðu vatni þegar laxinn liggur neðst á brotinu. Þar er stórt grjót og klettur og fiskur liggur í rennunni alveg niður úr. Brúarstrengur er góður flugustaður en viðkvæmur.

### K3 - Sterkur
Kraftmikill strengur og heiti hans því réttnefni. Hér dvelur laxinn stutt en helst er von í góðu vatni.

### K4 - Efstafljót
Efstafljót er gríðarlega djúpur hylur efst undir klettinum og laxinn liggur í báðum strengjunum á mismunandi dýpi og meðfram klettinum. Þarna er fiskur allt sumarið, oft mikið af honum og veiðivon góð ef varlega er farið. Efstafljót er mjög viðkvæmur staður og ef menn kíkja fram á klettinn styggja þeir fiskinn undantekningarlaust. Gott er að kasta hér frá vesturbakkanum. Í góðu vatni liggur lax í rásum alveg niður á brot og þá er hægt að veiða beggja vegna frá.

### K5 - Egill
Best lýst sem djúpri skál. Best er að byrja veiðar ofarlega en það á við um flesta veiðistaði í Flekkudalsá.

### K6 - Húsflúðir
Djúpar klettarennur og fara skal varlega því þarna getur verið erfitt að fóta sig. Þarna leynist oft fiskur en í gegnum árin hefur þessi veiðistaður oft verið lítt veiddur.

### K7 - Vaðstrengur
Rétt fyrir ofan veiðihúsið. Svo virðist sem fiskur eigi auðvelt með að fela sig í Vaðstreng því veiðimenn skyggna þennan stað án þess að sjá lax - sem reynist svo vera rangt þegar kastað er.

### K8 - Kvennalaug
Lax liggur með austurbakkanum og gæta verður að því að koma að honum að ofanverðu.

### K9 - Kvennaberg
Heldur oft laxi og getur gefið vel. Djúpur hylur og hægt að veiða hann báðum megin frá. Lax getur legið um allan veiðistaðinn og oft mjög neðarlega.

### K10 - Ármót
Þarna renna Tunguá og Flekkudalsá saman og Kjarlaksstaðaá tekur við og rennur til sjávar. Veiðistaðurinn er neðst í Tunguánni, og þá á breiðunni sjálfri.


T1 - Svartistokkur

# Tunguá

**Tunguá er frekar vatnslítil og rennur víða í gljúfrum með fallegum jarðmyndunum. Hér veiðast oft stærstu laxarnir sem Flekkudalsá gefur.**

### T1 - Svartistokkur
Neðsti veiðistaðurinn í Tunguá og er langur stokkur þar sem laxinn gefur sig oft, sé hann á svæðinu á annað borð. Getur hann legið bæði í stokknum og rétt neðan hans. Vert er að nefna að frá Svartastokki niður að ármótum við Flekkudalsá eru þó nokkrir pallar og strengir sem halda aðeins göngufiski þegar vatn er gott. Vert er að kasta á þá ef maður er í stuði.

### T2 - Geirmundarfoss
Er rétt ofan við Svartastokk og er tvískiptur lítill foss. Þar leynist oft fiskur.

### T3 - Berghylur
Fallegur foss sem fellur í djúpa skál - umhverfið hér er stórbrotið.

### T4 - Smástrengur og T5 - Brúarflúð
Litlir pyttir rétt neðan vegar og hér má líta við ef menn eru á ferðinni um svæðið.

### T6 - Réttarstrengur og T7 - Réttarfoss
Láta ekki mikið yfir sér en má reyna, lax staldrar hér oft við á göngu. Réttarstrengur geymir mjög oft fisk og þarna gildir að fara varlega að hlutunum. Fiskurinn er oft mjög ofarlega í strengnum en getur legið alveg niður með klöppinni hægra megin.

Réttarfoss geymir laxa allt sumarið en er torveiddur. Fiskurinn er bæði í hvítfryssinu og rétt áður en fellur úr hylnum.


T6 - Réttarstrengur



T12 - Tungufljót

**T8 - Grundarstrengur - T9 - Bláhylur - T10 - Skuggi - T11 - Hornflúð**
Þessir staðir eiga það sammerkt að vera lítt sóttir. Í því felast auðvitað tækifæri þar sem hægt er að rekast á laxa sem hafa aldrei séð flugu. Tökufiskar leynast hér.

**T12 - Tungufljót**
Geymir alltaf fisk, frá opnun og til loka tímabilsins, og er einn gjöfulasti veiðistaður veiðisvæðisins. Þar safnast oft upp dágóður bunki af fiski. Mjög skemmtilegur veiðistaður og fengsæll. Hylurinn er ekki stór en stríður strengur og liggur laxinn bæði í rennunni og á breiðunni. Frekar auðveiddur, segja menn sem þekkja til.

**T13 - Kjóastrengur**
Liggur rétt fyrir ofan Tungufljót. Margir líta þennan veiðistað aldrei augum þrátt fyrir að þar leynist oft fiskur.

**T14 - Bakkafljót**
Við Bakkafljót og þar fyrir ofan mun vera gaman að ganga um og skoða, hafi menn smá tíma. Þarna breytir áin sér ár frá ári. Bannað er að veiða ofar.



## Flekkudalsá

Flekkudalsá er lengst ánna þriggja á veiðisvæðinu og rennur um Flekkudal. Hér eru um 30 merktir veiðistaðir en menn skulu athuga að margir fleiri veiðistaðir finnast þar þó ómerktir séu. Áin er fjölbreytt; Neðst eru klettar, lágir fossar og djúpir hyljir en efri hlutinn er lygnari og rennur um gróin svæði. Lax gengur snemma í ána og getur dreift sér ótrúlega fljótt ef gott vatn er í henni.





F10 - Torfunesfoss

### F1 - Klapparstrengur
Er að finna rétt ofan við ármótin. Þetta er frekar djúpur strengur og liggur lax oftast neðarlega í honum. Aldrei fara rakleiðis upp á klöppina, alla vega ekki ef menn eru staddir við Klapparstreng til að veiða lax.

### F2 - Neðraberg
Rétt fyrir ofan ármótin og mælt skal með að menn gefi þessum veiðistað gaum. Frekar lítill veiðistaður og fljótveiddur.

### F3 - Rennur
Rennurnar eru í raun þrír veiðistaðir - djúpir pyttir sem liggja við suðurlandið. Þarna sést lax illa enda straumurinn mikill.

### F4 - Efraberg
Hylur sem liggur rétt fyrir neðan bergið sem hann er kenndur við. Þessi staður fylltist af möl á einhverjum tímapunkti sem hafði áhrif á aflasæld hans. Má þó vissulega reyna hann.

### F5 - Hannesarhola
Lítill veiðistaður - helst von við bergkantinn að vestanverðu. Tíma manna er þó betur varið víða annars staðar.

### F6 - Hornið
Lítill veiðistaður sem liggur beint fram undan miklu bergi þar sem áin beygir.

### F7 - Breiðfossbrot og F8 - Breiðfoss
Eru frekar grunnir veiðistaðir, og afar viðkvæmir. Þarna leynist stundum lax. Fremur á brotinu þá.

### F9 - Fornistrengur
Strengur sem rennur úr fossinum og liggur með suðurlandinu. Þetta getur verið langur veiðistaður í miklu vatni og ástæða til að kasta hann allan niður úr, alla pallana. Oftast er laxinn samt við stóran þríhyrningslaga stein rétt neðan fossins. Þarna veiddist 24 punda hængur sumarið 1998, sem líklega er stærsti lax sem úr ánni hefur komið.

### F10 - Torfunesfoss
Afar góður veiðistaður fyrir neðan fossinn. Þarna er djúpur hylur sem hefur myndast fyrir neðan fossinn. Margir veiða þennan stað andstreymis enda liggur vatnið þannig að gott er að kasta á hann þannig. Fara skal varlega, sérstaklega þegar komið er að honum ofarlega næst berginu. Fiskur heldur sig þarna allt tímabilið. Stórt grjót er í miðjum hylnum og laxinn heldur sig mikið í kringum það. Grjótið klýfur vatnið í tvær rennur þar sem fiskur heldur sig en hann getur þó legið alveg niður á brot, hvað veiðimenn skulu hafa hugfast. Þeir sem hitta á fisk í göngu í Torfunesfossi sjá fiska víða. Á pöllunum og þar í kring, og alveg niður í Fornastreng sem er næsti veiðistaður fyrir neðan.

### F11 - Gullbrárstrengur
Laxinn liggur með berginu og aðalhylurinn er þar sem bergið endar.



F14 - Fljótið



F16 - Þjófastrengur

## F12 - Gullbrárfoss
Við bílastæðið. Fossinn hefur verið sprengdur í þrígang, fyrst árið 1941, síðan aftur árið 1952 og síðast 1982. Þá loksins gekk að koma laxi hindrunarlaust upp fyrir. Þarna er mikið um hringstreymi og erfitt að bera sig að veiðiskap. Þó hefur Gullbrárfoss gefið ágætlega ár og ár.

## F13 - Kerið
Án efa einn fallegasti veiðistaðurinn í Flekku. Hann er kannski ekki eins gjöfull og menn myndu óska en gefur þó alltaf laxa hvert sumar og þá nokkra. Þetta er stór skál, rétt við veginn. Getur verið mikið sjónarspil þegar lax er að ganga og lax stekkur.

## F14 - Fljótið
Einn besti staðurinn í Flekku og draumastaður fluguveiðimannsins. Flestum gengur betur að vaða yfir og kasta þaðan að strengnum sem rennur með suðurbakkanum. Þarna má dvelja lengi við veiðar og til að veiða staðinn allan þarf nokkuð löng köst í bland við þau styttri. Þessi veiðistaður er viðkvæmur eins og fleiri í Flekku en laxinn getur legið alveg uppi í hvítfryssinu og langt niður á breiðuna. Frábærlega hannaður af náttúrunnar hendi fyrir gárubragðið.

## F15 - Tvíburahola
Hér má alveg koma við. En þó rétt að senda út fréttatilkynningu til allra helstu fjölmiðla landsins ef einhver potar þarna flugu upp í fisk. Hverju það sætir er umdeilt. Hér eru til sögur um góða veiði á bæði flugu og maðk þegar það var leyft fyrir árið 2001. Eru til lýsingar manna af tugum laxa í Tvíburaholu og aðrar um stórveiði. Þú ræður svo hverju þú trúir og hvort holan er tíma þíns virði.

## F16 - Þjófastreng/ir(ur)
Hér má kalla að alltaf megi hitta á fisk. Hefðbundinn strengur en fiskur getur leynst mjög neðarlega í þessum veiðistað. Veiðistaðurinn byrjar undan sléttri klöpp. Þar getur fiskur legið frá byrjun klapparinnar og allt niður að broti, á u.þ.b. 30 metra löngu svæði. Þar sem hægir á vatni neðst er klettur og þar liggur fiskur u.þ.b. 10 metrum fyrir ofan brot. Hylurinn mun bera nafn sitt af því að til hans sést ekki frá nokkrum bæ í sveitinni en margir vilja meina að hann sé með þeim skemmtilegri í allri ánni.

## F17 - Fossholt
Þrír pallar neðan lágra fossa þar sem þeir tveir efstu geyma alltaf fisk. Þarna liggur fiskur í vatnsleysi í hvítfryssinu. Oft gefur þessi veiðistaður vel þó margur myndi halda að þar væri ekki fisk að fá. Bæði hægt að þverkasta og veiða andstreymis. Í Fossholti geta menn lent í villtum tökum og sögur eru af því að menn hafi lent í laxamoki. Neðsti pallurinn er mjög stuttur og hraður, en hann geymir fisk enda djúpur. Grjót er í honum miðjum þar sem lax liggur við.

F17 - Fossholt





F18 - Jónsbakki

### F18 - Jónsbakki

Án efa einn besti veiðistaðurinn og kunnasti í Flekku. Mörgum finnst hann skemmtilegasti bakkahylurinn í ánni og gefur mestu veiðina af þeim. Staðurinn rennur í langri beygju þar sem er smá rek áður hæga vatnið tekur við. Þrír staðir í hylnum skulu vera mönnum ofarlega í huga. Í beygjunni efst í strengnum - þar er oft fiskur. Við gamlan skurð liggur fiskur og neðst í hylnum einnig. Þar er gróður, eða sef að kalla, sem er punktur sem getur verið gjöfull. Jónsbakki getur geymt óhemju magn af laxi. Þessi veiðistaður getur verið erfiður í logni en sagan segir jafnframt að gott sé að kasta töluvert frá ánni - og ekki vaða hér undir neinum kringumstæðum.

### F19 - Svartibakki - F20 - Bæjareyri

Oft kíkt hér við þegar farið er í Jónsbakka og sama á við um Svartabakka.

### F21 - Grænhólsbakkar

Bakkahylur með hægu rennsli. Mjög djúpur veiðistaður sem er búinn að grafa sig vel niður. Getur geymt mikið af fiski en sá sem kemur þar að, vill hafa smá gáru á vatnsfletinum og ekki verra ef rignir og vatn sæmilegt. Ef aðstæður eru þannig að hylurinn er lygn þá er ekki óvitlaust að geyma hann aðeins og vona að aðstæður breytist. Þessi veiðistaður getur breytt sér nokkuð á milli ára. Þarna hafa menn oft gert góða veiði, og ekki síst þegar líður á sumarið.

### F22 - Krókur

Einnig bakkahylur með hægu rennsli eins og Grænhólsbakkar. Það sama á við hér með veðrið. Rennslið er aðeins meira. Tilvalinn staður til að hitsa eða renna lítilli túpu þar yfir.

### F23 - Stekkjarstrengur (Stekkjarlækur)

Hér fer fáum sögum af stórveiði.

### F24 - Brúarhylur

Hylurinn beint undir brúnni og auðvelt skyggna hann ef menn telja það ráðlegt. Hér er oft fiskur en það þarf að hafa nokkuð fyrir honum og staðurinn því ekki eins gjöfull og halda mætti.

---

**Heimildir og heimildarmenn**
Þorgils Helgason. Einar Falur Ingólfsson. Sportveiðiblaðið, 1. tbl 1999. Grein um Flekkudalsá sem unnin var af leigutökum árinnar Laxmönnum; Jón Inga Ragnarssyni, Ómari Siggeirssyni, Loga Kristjánssyni og Júlíu Sigurðardóttur.Ýmsar blaðagreinar og fréttir. Skýrslur Veiðimálastofnunar.

**Ljósmyndir**
Einar Falur Ingólfsson og Þorgils Helgason.

Við reykjum og gröfum fiskinn þinn

REYKOFNINN EHF.

Skemmuvegi 14 bleik gata • 200 Kópavogi
Sími: 557 2122 • www.reykofninn.is
info@reykofninn.com